

ósannað að hann hafi getað endurborgað hann, og í þriðja lagi bar hreppsnefnd Skarðstrand. **111**
arhrepps enga skyldu til þess að bera undir hreppsnefnd Fellstrandarhrepps, hvort veita ætti 1. nóvbr.
Jóni fátækrastryrk eða ekki.

Með því að enginn ágreiningur er um sveitfesti Jóns Guðbrandssonar, álit jeg að hreppsnefnd Fellstrandarhrepps beri að greiða fátækrastrjóði Skarðstrandarhrepps hinn umrædda fátækrastryrk að upphæð 15 kr.

Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík um að Kefla- 112
vík í Gullbringusýslu verði gjörð að póstafgreiðslustað. 7. nóvbr.

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, í brjefi dags. 30. f. m., skal hjer með ákveðið, að í stað brjefhirdingar þeirrar, sem nú er í Keflavík, verði þar sett á stofn póstafgreiðsla frá næsta nýjári að telja.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til frekari ráðstafana eptir því, sem við á.

Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík um að Húsa- 113
vík í Suðurþingeyjarsýslu verði gjörð að póstafgreiðslustað. 7. nóvbr.

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, í brjefi dags. 30. f. m., skal hjermeð ákveðið, að í stað brjefhirdingar þeirrar, sem nú er í Húsavík, verði þar sett á stofn póstafgreiðsla frá næsta nýjári að telja.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til frekari ráðstafana eptir því, sem við á.

Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík um flutning 114
póstafgreiðslunnar á Borgum í Nesjahreppi að Hólum í sama 7. nóvbr.
hreppi. (Ágrip).

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, í brjefi dags. 16. sept. þ. á., hefir stjórnarráðið ákveðið, að póstafgreiðslan á Borgum í Nesjahreppi í Austur-skapafellssýslu skuli flutt að Hólum í sama hreppi.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um end- 115
urgjald á veittum sveitarstyrk. 21. nóvbr.

Sýslumaðurinn í Árnessýslu hefir lagt undir úrskurð stjórnarráðsins ágreining milli hreppsnefndanna í Hrunamannahreppi í tjeðri sýslu og Sauðárhrepps í sýslu yðar, herra sýslumaður, útaf sveitarstyrk veittum Hafliða nokkrum Gunnarssyni veturinn 1903—1904.